

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3.6.2022  
*Tilvísun: 20220543129*

**Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lifeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.) – þskj. 1033 – 690. mál**

Ríkisskattstjóra hefur þann 31. maí sl. borist tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn er kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemdir um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Skilja verður frumvarpið svo að unnt verði, í meginatriðum, að nýta tilgreinda séreign á sambærilegan hátt og gildir nú þegar um viðbótariðgjald. Annars vegar við kaup á fasteign miðað við kaupsamning og hins vegar ráðstöfun inn á lán. Umsögn þessi varðar 8. gr. frumvarpsins eingöngu.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimild til ráðstöfunar á viðbótariðgjöldum til kaupa á íbúðarhúsnæði verði rýmkuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem kveðið er á um í ákvæðinu. Telur ríkisskattstjóri að hin nýju skilyrði eigi eingöngu við vegna þeirra aðstæðna sem ákvæði frumvarpsins tekur til, en ekki kaup á fyrstu íbúð samkvæmt eldri reglum samkvæmt lögum nr. 111/2016. Æskilegt væri að kveðið yrði á um þetta með skýrum hætti.

Í ákvæðinu er það skilyrði sett að skattfrjáls úrræði um ráðstöfun séreignarsparnaðar hafi ekki verið fullnýtt áður. Skýra þyrfti nánar við hvað er átt með „fullnýtt“, t.d. hvort átt er við fjárhæðir eða tíma.


Þá er kveðið á um að heimildin sé skilyrt við tekjur innan ákveðinna marka. Vakin er athygli á því að verði ákvæði þetta að lögum óbreytt þá kann það að leiða til ólíkrar niðurstöðu milli einstaklinga í sambærilegri stöðu þótt eingöngu muni mjög óverulega á tekjum þeirra.

Í lokamálslið 8. gr. frumvarpsins segir að heimildin eigi ekki við sé annar maka skráður eigandi að íbúðarhúsnæði. Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að skýra betur inntak málsliðarins í ljósi þess hversu fjölbreytilegar aðstæður einstaklinga eru, s.s. vegna breytinga á hjúskaparstöðu, auk þess sem eingöngu skráðir eigendur að íbúðarhúsnæði geta sótt um umrædda ráðstöfun. Þá kunna að vakna spurningar um hvort skilyrðið sé afmarkað við umsóknardag eða hvort því sé ætlað að ná til úttektartímabilsins þannig að síðari kaup hafi áhrif. Sé fyrrgreindur skilningur ríkisskattstjóra réttur að skilyrði ákvæðisins nái eingöngu til þeirra sem nýta sér hið nýja úrræði skal jafnframt á það bent að ákvæðið mun að óbreyttu leiða til mismunar á milli þeirra sem hefja sambúð og kaupa sig inn í eign sambúðarmaka eftir því hvort viðkomandi fellur undir

heimild laganna um ráðstöfun séreignar við fyrstu kaup eða hina nýju heimild frumvarpsins, þar sem í nágildandi reglum er ekki horft til stöðu maka heldur til hvers einstaklings fyrir sig.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra

  
Elin Alma Arthursdóttir

  
Ragnheiður Björnsdóttir